

8. Stjórnarfundur

FORMA 2011 – 2012

Dags: 10. maí 2012

Tími: kl. 16:30

Staður: Gamli skóli

Mætt: Drífa Þorgrímsdóttir, Helgi Þ. Svavarson, Herdís Zóphóníasdóttir, Ólína Freysteinsdóttir, Sigrún Birna Sigtryggsdóttir og Vilhjálmur Kristjánsson.

1. Fundarsetning

Helgi Þ. Svavarson setti fundinn og stjórnaði honum.

2. Fundargerð síðasta fundar

Lá ekki fyrir en verður send fljótlega.

3. Fréttir af

a. Skólanefndarfundum:

Vilhjálmur greindi frá því að á síðasta skólanefndarfundum kom fram að mikið fall hefur verið í stærðfræðinni í vetur. Skólanefnd fór fram á það að unnið yrði í þessu máli og skólameistari setti málið í farveg.

Í framhaldi af þessu urðu umræður um flóttu unglunga af raungreinasviði yfir á önnur svið og nauðsyn þess að nemendur geti valið nám sem þeir hafa áhuga á og er við þeirra hæfi.

Þá greindi Vilhjálmur frá því að samræma eigi reglur um skil á verkefnum á milli kennara og að rætt hefði verið um það hvernig best væri að haga skráningum á fjarvistum nemenda.

b. Umhverfisnefndarfundum:

Sigrún Birna greindi frá því að m.a. hefði umferð í kringum MA og á planinu fyrir framan skólann verið rædd í umhverfisnefnd.

4. Önnur mál

- Viðbrögð við bréfi sem formaður FORMA sendi vegna teitis voru góð og foreldrar virtust ánægðir með að fá bréfið.
- Þetta var síðasti fundur vetrarins og næsta haust ganga 4 úr stjórn, þau Ólína Freysteinsdóttir, Ómar Pétursson, Steinunn Benna Hreiðarsdóttir og Drífa Þorgrímsdóttir.

Næsti fundur verður á komandi hausti.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið um kl. 17:40.

Drífa Þorgrímsdóttir ritari